

Ed.

82. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29, 20. oktbr. 1905 um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.

Vér, sem háttv. Ed. alþingis kaus í nefnd til að athuga frv. þetta, höfum ihugað það og rætt á nokkrum fundum.

Frumvarpið fer fram á það eitt, að fært verði niður lágmark á söluverði byggingarlóða á þeim hluta Arnarhólstúns, er með lögum nr. 29, 20. oktbr. 1905 er heimilað að selja, — úr 5 kr. niður í 2 kr. 50 a.

Sú staðreynd, að engin byggingarlóð hefir selst úr Arnarhólstúni síðan nefnd lög voru sett, virðist ein út af fyrir sig nægja til að vekja spurninguna: er lágmarkið 5 kr. eigi of hátt sett?

Væntanlegar byggingarlóðir við höfnina sjálfa verðum vér að vísu að álita svo verðmætar vegna fjörunnar fram af þeim, að óhugsandi sé, að 5 kr. lágmarkið geti verið of hátt sett að því er til þeirra kemur, ef fjaran fram undan er látin fylgja þeim. Aftur á móti þykir oss ekki að eins hugsanlegt, heldur jafnvel eigi ólíklegt, að þetta lágmark kunni að vera of hátt sett á önnur svæði

sölulóðarinnar, og að það atriði hafi átt sinn þátt í því, að engin lóð hefir selst af því til þessa, enda þótt eigi sé ástæðulaust að ætla, að óvenjulega háir bankavextir og peningaekla hafi og valdið nokkru um.

Fyrir því erum vér hæstv. stjórn samdóma um, að rétt sé að færa lágmark söluverðsins niður að verulegum mun.

En með því að svæði það, er söluheimildin nær til, liggur miðsvæðis í höfuðstað landsins, og sumt af því meðfram breiðu og myndarlegu stræti, álitum vér verðmæti þess í sjálfu sér svo mikið, -- hvað sem líður verðfalli á byggingarlóðum í Reykjavík nú um stundar sakir, — að eigi sé ástæða til að færa lágmarkið svo mjög niður, sem í frv. er til ætlast, en að niðurfærsla ofan í 3 kr. lágmark sé nægileg til þess, að tilgangi frumvarpsins verði borgið.

Fyrir því leggur nefndin það til, að frumvarpið verði samþykkt með þeirri einni breyting, að

í stað: 2 kr. 50 aur. komi: 3 kr.

Alþingi 2. marz 1909.

J. Havsteen,
form.

Sigurður Hjörleifsson.

Jens Pálsson,
skrifari og framsögum.